

65
21. maí **Bréf fjármálaráðuneytisins til lögreglustjóranna og tollstjórans í Reykjavík, um innheimtu á eftirlitsgjaldi rafstöðva.**

Hér með er lagt fyrir yður að innheimta samkvæmt 7. gr. reglugerðar, dags. 4. apríl 1940, um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki, sbr. 2. gr. laga nr. 38 12. júní 1939 um viðauka við og breyting á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, gjald til rafmagnseftirlits ríkisins, er nemur $\frac{3}{4}\%$ af innkaupsverði allra raforkuvirkja, raftækja og hverskonar raffanga, sem flutt eru til landsins.

Gjald þetta ber að miða við verð það á vörunni, sem verðtollur er miðaður við, sbr. 10. gr. tollskrárlaganna nr. 62 30. des. 1939, og skal það fyrst um sinn fært í tollbók í sérstakan strikaðan dálk í athugasemdadálknum og þar að auki skal það vera innifalið í samtalsfjárhæð aðflutningsgjaldanna. Á tollreikningi skal gjald þetta talið í aukagjaldadálki. Við tollmerkingu á innkaupsreikningi skal gjaldið kallað rafmagnseftirlitsgjald.

Undanþegin þessu gjaldi eru raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, 3. mgr.

Gjald þetta ber að greiða til ríkisféhirðis á sama hátt og gjöld í ríkissjóð, og skal það sérstaklega aðgreint á skilagrein.

66
14. febr. **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum 14. febrúar 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Guðjóns Sigurðssonar, úrsmíðs í Reykjavík, dagsettri 14. júlí 1908, en Guðjón andaðist 25. apríl 1915, og er sjóðurinn gjöf hans til höfuðstaðar Íslands, sem nú er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að íbúar höfuðstaðar Íslands eigi ókeypiss eða með vægum kjörum aðgang að því að njóta góðrar tónlistar við almenningshæfi.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, Landsbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, sem arðvænlegast er á hinum ýmsu tímum, þó svo, að fénu sé aldrei í hættu teflt. Vextir allir skulu lagðir við höfuðstólinn til 1. janúar 1940. Eftir þann tíma skal $\frac{4}{5}$ ársvaxtanna varið á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur að bezt sé í samræmi við tilgang stofnanda sjóðsins samkvæmt 2. gr. En hinsvegar skal leggja $\frac{1}{5}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —. Eftir þann tíma má verja $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna á sama hátt og að framan segir, en ávallt skal leggja $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn.